

Skóla - akur óskar lesendum sínum gleðilegs sumars.

Skóla - akur




Vefrit um skólamáli 9. tbl. 5. árg. 28. apríl 2011

Myndskreyting nemenda Hlíðarskóla



Nemendum Hlíðarskóla bauðst að myndskreyta glugga verslunarinnar Eymundsson í Hafnarstræti en skólinn hefur áður myndskreytt gluggana í Eymundsson. Tilefnið var Andrésar andarleikarnir sem nú standa yfir. Eins og myndirnar gefa til kynna eru þarna miklir listamenn á ferð.




Enn vil ég óska eftir því að fá aðsent efni til birtingar í Skóla - akri. Endilega hafið samband.

Linda María Ásgeirsdóttir
lindamaria@akureyri.is

Leiksýning á leikskólanum Tröllaborgum

Starfsfólk á Læk á Tröllaborgum setti söguna um Láka álfastrák á svið fyrir börnin nú í apríl. Þetta er liður í lífsleiknikennslu á Tröllaborgum en unnið hefur verið með kennsluefnið "Lífsleikni í leikskóla" sem byggir á tólf dygðum sem lagðar eru til grundvallar í kennslunni. Nú er verið að vinna með hófsemina. Ekki er hægt að sjá annað er starfsfólkið komi verkinu vel til skila en myndirnar tala sínu máli.

Sjá nánar á <http://trollaborgir.akureyri.is/lifsleikni/Dygdir.htm>



ATH. Á Tröllaborgum er orðið dygd skrifa með einu g að hætti sumra íslenskra heimspekinga og er það dregið að orðinu dugur.

Mynd augnabliksins

Mynd augnabliksins er frá tónleikum sem haldnir voru í Hofi 2. apríl. Þar spiluðu saman nemendur úr Stórsveit Tónlistarskólans á Akureyri og færeysk lúðrasveit sem heimsótti skólann.



Viðurkenning skólanefndar fyrir framúrskarandi skólastarf

Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega, veita þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til.

Foreldrar, nemendur, kennarar, skólar og bæjarstofnanir geta tilnefnt verkefni í skóla til viðurkenningar. Tilnefna má nýbreytniverkefni um hvaðeina í skólastarfi sem unnið hefur verið að á yfirstandandi skólaári, nemendavinnu, vinnu hópa eða einstaklinga, upplýsingamiðlun (s.s. heimasíður og fréttabréf), stefnumótun og skipulag, starf eins kennara eða samvinnu þeirra, verkefni í almennri kennslu, sérgreinum eða sérkennslu, framlag annars starfsfólks skólans, forvarnarstarf, félagsstarf eða foreldrasamstarf.

Skólar setja sér reglur um það hvaða nemendur þeir tilnefna til viðurkenninga og senda til valnefndar. Tilnefningar eru óháðar aldri. Viðurkenningu má veita fyrir góðan námsárangur, góðar framfarir í námi, virkni í félagsstarfi, að vera jákvæð fyrirmynd, sýna frumkvæði eða leiðtogaþæfileika, frábæra frammistöðu í íþróttum eða listum, listsköpun eða tjáningu í skólastarfi, félagslega færni, samskiptahæfni og framlag til að bæta eða auðga bekkjaranda/skólaanda, nýsköpun og/eða hönnun.

Tilnefningar berist rafrænt fyrir 9. maí ár hvert. Viðurkenningar verði afhentar í lok skólaársins og verður tímasetning auglýst í maí ár hvert. Valnefnd verður skipuð einum fulltrúa úr skólanefnd, einu foreldri sem tilnefnt er af Samtaka og foreldrum leikskólabarna og einum fulltrúa frá Skólaþróunarsviði HA. Fræðslustjóri er starfsmaður valnefnda. Hægt er að leggja inn tilnefningu á vefsíðunni

<http://skoladeild.akureyri.is/is/news/vidurkenning-skolaneftdar-fyrir-framurskarandi-skolastarf/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Opnunartími mán-fimmtudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins: er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu.

Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Á næstu viku munu koma hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Meginmarkmið

Tilgangur og skipulag

- Skólar Akureyrarbæjar móti starf sitt í samræmi við þarfir nærsamfélagsins sem þjóðfélagsins alls.
- Skólar Akureyrarbæjar skipuleggi starfið með þátttöku og hagsmuni nemenda og foreldra í huga. Lögð sé rík áhersla jafnt á bókvit, verksvit og siðvit og námið lagað að getu og þörfum hvers nemanda fyrir sig.
- Skólar Akureyrarbæjar séu sjálfstæðar stofnanir og beri faglega og fjárhagslega ábyrgð og leysi sjálfir sem flest viðfangsefni sem upp koma í daglegu skólastarfi undir forystu skólastjórnenda.
- Skólar Akureyrarbæjar hafi aðgang að skilvirkri og öflugri stoðþjónustu sem grundvallast á rannsóknum og fyrirbyggjandi og framsæknu starfi.
- Skólar Akureyrarbæjar nýti sér þá auðlind sem felst í því að hafa nemendur úr ólíkum menningarsamfélögum.
- Skólar Akureyrarbæjar séu lifandi miðstöðvar í sínu hverfi og í virkum tengslum við umhverfi sitt – náttúru, atvinnulíf og menningu í bæjarfélaginu.

Námskeið um meðferð og túlkun á niðurstöðum PISA

Námskeið um meðferð og túlkun á niðurstöðum PISA verður haldið 11. maí nk., kl. 9:00 til 16:00. Námskeiðið er ætlað öllu fagfólki í menntun og kennslu innan grunnskóla. Mælt er með því að þátttakendur hafi meðferðis á námskeiðið fartölvu með geisladrifi. Kennari er Almar M. Halldórsson, verkefnisstjóri PISA á Íslandi hjá Námsmatsstofnun.

Verðið er 13.500 kr. og námskeiðið er haldið í Endurmenntun í Dunhaga 7. Skráningarfrestur er til 3. maí 2011.

Sjá nánar á <http://ki.is/pages/22/NewsID/>

1. maí hlaup UFA

Ungmennafélag Akureyrar stendur að venju fyrir skólahlaupi 1. maí þar sem grunnskólar á Akureyri og í nærsveitum reyna með sér. Hlaupið hefur verið haldið undanfarin tuttugu ár og er eitt stærsta almenningshlaup sem haldið er á Akureyri.

Megintilgangur hlaupsins er að hvetja börn og fullorðna til hreyfingar og heilbrigðra lífshátta. Í skólakeppninni er því ekki keppt um það hvaða skóli á fótfráustu nemendurna heldur hvaða skóli nær hlutfallslega bestri þátttöku.

Sjá nánar á <http://ufa.is>

Íslensku menntaverðlaunin

Íslensku menntaverðlaunin verða afhent í vor í sjöunda sinn. Verðlaun þessi eru sannkölluð þjóðarverðlaun því hver og einn getur sent inn sínar tilnefningar. Allir eru hvattir til að senda inn tilnefningar um þá sem hafa gert góða hluti og geta átt skilið að fá íslensku menntaverðlaunin og vekja þannig athygli á því sem vel er gert í íslenskum skólum.

Verðlaunaflokkar:

- Skólar sem hafa sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi
- Kennarar sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt skarað fram úr.
- Ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.
- Höfundar námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.

Tilnefningar er hægt að senda á skrifstofu forseta Íslands, Staðastað, Sóleyjargötu 1, 150 Reykjavík, eða á menntaverðlaun@forseti.is.

Síðasti skiladagur tilnefninga er 10. maí 2011.

Fræðslufundur Miðstöðvar skólaþróunar

Fimmtudaginn 5. maí kl. 12:10 mun Hildur Betty Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, verkefnastjóri hjá SÍMEY flytja erindið: Bókvitnið verður í askana látið ... en ekki verknámið. Fundurinn fer fram í HA stofu L-101.

Umræða um stöðu list- og verkgreina hefur farið fram á Íslandi um alllangt skeið. Hún hefur einkennst af því hvernig auka megi vægi þeirra innan skólakerfisins. Fram kemur í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 að ráðherra lætur grunnskólum í té aðalnámskrá og í 24. gr. er lögð áhersla á jafnvægi milli bók- og verklegs náms.

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á tengslum bók-, list- og verknáms á unglíngastigi grunnskóla með því að kanna viðhorf viðmælenda sem hafa faglega þekkingu, reynslu og skoðanir á þessu sviði. Eftirfarandi spurning lá til grundvallar; Hvaða möguleikar eru á að viðhafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi? <http://unak.is/>

Fréttir frá innritun í leikskólabarna

Nú í lok apríl er búið að innrita flest börn sem fædd eru árið 2009 og fyrr í leikskólana á Akureyri. Alls um 290 börn hafa verið nýskráð eða hafa flutt á milli skóla. Flest þessara barna eru fædd árið 2009 en rúmlega 50 eldri börn hafa flutt á milli skóla innan bæjarinnar. Verið er að ljúka innritun eldri barna og búast má við að fljótlega verði farið að hafa samband við foreldra barna sem fædd eru í janúar 2010. Innrituð verða a.m.k. 12 börn af árgangi 2010 á

Hvoldpæildina á Sunnubóli.

Yngissveinar á Hvoldpæildinni 2011

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 12. maí 2011